

Veður sem valda snjóflóðum í Svarfaðardal

Sveinn Brynjólfsson 1, 2, Haraldur Ólafsson 1, 2, 3.

(1) Háskóli Íslands, (2) Veðurstofa Íslands. sveinnbr@vedur.is, (3) Reiknistofa í Veðurfræði

Eftir nokkurra ára þrotlausa vinnu við snjóflóðahættumat í þéttbýli á Íslandi er hafið tilraunaverkefni í dreifbýli við könnun á snjóflóðahættu í heilli sveit. Því hafa snjóflóð í Svarfaðardal verið skráð og merkt inn á landakort. Ef horft er til veðuraðdraganda helstu snjóflóða sem dagsetning er þekkt á má sjá að í sumum hlíðum virðast snjóflóð geta fallið í afar mismunandi veðri. Þannig er breytileiki nokkuð mikill í mældum veðurþáttum s.s. vindhraða og vindátt sem og úrkomumagni á undan snjóflóðunum. Þessi frumathugun bendir til að nákvæm þekking á staðháttum og háupplausnar veðurspálíkön séu forsenda þess að hægt sé að spá fyrir um snjóflóðahættu í margbrotnu landslagi.